



Alþingi
Erindi nr. P 136/142
komudagur 18.11.2008

Nefndasvið Alþingi,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. nóvember 2008

Umsögn um 30. Mál, Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitastjórnnum.

Kvennahreyfingu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs barst til umsagnar 30. mál – um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitastjórnnum.

Innan Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs starfar ekki sérstök kvennahreyfing og því tók stjórn flokksins málið til umfjöllunar. Einn flutningsmanna málsins er Kolbrún Halldórsdóttir þingmaður Vinstri grænna og við styðjum málið.


Vinstri græn notuð fléttulista markvisst í fyrsta sinn á vegum Reykjavíkurfélagsins haustið 2005 í aðdraganda borgarstjórnarkosninga 2006, tilgangurinn var að rétta hlut kvenna. Þær reglur voru síðan lagðar til grundvallar í sameiginlegur forvali Reykjavíkurdæmanna og Suðvesturkjördæmisins fyrir síðustu alþingiskosningar sem fólu meðal annars í sér svohljóðandi ákvæði:

Í anda kvenfrelsis skal tryggja jafnræði kynja við uppröðun á hverjum hinna þriggja lista sem um ræðir. Til þess að svo verði skal eftirfarandi reglum beitt:

- a) *Fjöldi atkvæða í einstök sæti ræður úrslitum þannig að þeir þrír frambjóðendur sem fá flest atkvæði í 1. sæti teljast hafa hlotið kosningu í það sæti, þó einungis svo að a.m.k. einn sé af hvoru kyni. Séu allir þrír sem fá flest atkvæði í 1. sætið af sama kyni skal sá þeirra sem fæst atkvæði hlýtur færast niður í annað sæti en þess í stað hlýtur kosningu sá frambjóðandi af gagnstæðu kyni sem hlýtur flest atkvæði í 1. sæti.*
- b) *Kosningu í 2. sæti hljóta þeir þrír frambjóðendur sem fá flest atkvæði í 1.-2. sæti þó þannig að efstu tvö sæti listanna verði skipuð þremur körlum og þremur konum.*
- c) *Um kosningu í 3. sæti gilda sömu reglur og í 1. sæti þannig að tryggt sé að ekki séu færri frambjóðendur en fjórir af báðum kynjum í efstu þremur sætum listanna þriggja.*
- d) *Kosningu í 4. sæti hljóta þeir þrír frambjóðendur sem fá flest atkvæði í 1.-4. sæti þó þannig að efstu fjögur sæti listanna verði skipuð sex körlum og sex konum.*

Þá má minna á alþjóðlegan gagnagrunn um reglur mismunandi ríkja og hvernig þær hafa reynst: <http://www.quotaproject.org>. Gegnumgangandi er sú staðreynd að jafnrétti í valdastöðum næst ekki af sjálfu sér og því verður að grípa til sértækra úrræða. Þrátt fyrir að jafnréttislög hafi verið í gildi hér á landi í áratugi miðar hægt hvert sem litið er. Við mælum því eindregið með notkun fléttulista við uppröðun enda hefur hann nýst vel sem tæki til að koma konum að eins og sést vel í niðurstöðum forvals Vinstri grænna og annars staðar þar sem slíkt hefur verið notað.

Virðingarfyllt,
f.h. Stjórnar Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs



Drífa Snædal,
framkvæmdastýra Vinstri grænna